



## **189. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 8. sept. 2016 kl. 09:30.**

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Líska Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigprúður Jónsdóttir, Sigþór Constantin Jóhannsson (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra D. Gunnarsdóttir formaður skólanefndar setti fundinn.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð**

Fundargerð 188. fundar var samþykkt án athugasemda.

#### **2. Nemendagarðar FSu – Niðurstöður - OLG/ÞI**

Aðstoðarskólameistari kynnti stöðuna í heimavistarmálum skólans. Íbúð hefur verið tekin á leigu á Eyravegi 15 á Selfossi. Íbúðin rúmar 8 nemendur í 5 herbergjum og er með sameiginlegt eldhús, sturtu, tvö klósett og þvottaaðstöðu. Íbúðin er hugsuð fyrir nemendur sem koma af austursvæði skólans og hafa þeir nemendur af því svæði óskað eftir að fá að leigja pláss. Þetta táknar að fimm pláss eru laus og þarf skólinn að standa straum af kostnaði við þau. Rætt var um að mikilvægt væri að upplýsa sveitastjórnarmenn fyrir austan um stöðuna og ákveðið að skólastjórnendur sendu bréf á sveitastjórnirnar.

#### **3. Upphaf annar – starfsfólk – nemendafjöldi – breytingar – OLG**

Olga Líska sagði frá upphafi annar. Hún kom inn á starfsmannamál, nýráðningar og fleira tengt þeim. Einnig sagði hún frá fjölda nemenda við upphaf annar en það eru 765 skráðir í dagskóla, 51 er skráður í fjarnám úr grunnskóla og 27 eru skráðir í fangelsunum. Örlítið var komið inn á vinnumat kennara og fyrirkomulag tengt því. Bóksala skólans var lögð niður síðastliðið vor og kom fram í máli skólameistara að það hefði ekki valdið neinum teljandi vandræðum. Önnur atriði sem skólameistari minntist á voru, nýtt námsframboð og fundur með foreldrum nýnema sem tókst vel. Í lok þessa liðs sköpuðust umræður um tengsl framhaldsskóla og grunnskóla og þroska nemenda þegar þeir kæmu inn í framhaldsskólann.

#### **4. Nýbygging FSu (Hamar) – Staða mála - OLG**

Þessi dagskrárliður var fluttur út í Hamar, en það sem má segja hér er að allt er á fullu í Hamri.



## 5. Önnur mál:

### A. Áherslur skólanefndar í vetur

Áherslur skólanefndar verða mikið þær sömu og þær hafa verið, en með nýju verknámshúsi má reikna með áherslum tengdum því. Hugmyndir komu upp um málþing sem tengist verknáminu (hugsamlegt að tengja það við væntanlega starfamessu). Einnig kom fram hugmynd um að halda málþing sem kalla mætti „staða skólans í samfélaginu“. Ákveðið að skoða þessi mál síðar og leita þá eftir styrkjum t.d. hjá Eignarhaldsfélagi Suðurlands.

### B. Félagslíf nemenda – dagskrá - SCJ

Sigþór útskýrði hvað er framundan hjá nemendafélaginu. Í máli hans kom m.a. fram að stefnt væri á dansleik í næstu viku og síðan væru fastir liðir eins og kvöldvökur og söngkeppni á dagskránni.

### C. Verkefni með Árborg - SMS

„Námsmat á mörkum skólastiga í Árborg“. Sigursveinn útskýrði innihald þessa verkefnis í grófum dráttum. Verkefnið er til eins árs og fjallar um skil á milli skólastiga og leiðsagnarmat í tengslum við það. Þátttakendur í verkefninu eru leikskólar og grunnskólar í Árborg auk FSu.

### D. Skoðunarferð í Hamar

Endað var á því að fara út í Hamar og skoða nýbygginguna.

Næsti fundur er fyrirhugaður 27. október kl. 09:30 og síðan er stefnt á fund 8. desember.

Fundi slitið kl. 11:00  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson